

Mánudaginn 17. maí 1915.

Nr. 25/1915.

Carl Trolle
 gegn
 Magnúsi Magnússyni
 f. h. h/f »Alliance«.

D ó m u r :

Í febrúarmánuði þ. á. höfðaði áfrýjandi þessa máls, Carl Trolle kaffeinn, mál fyrir sjódomi Reykjavíkur á hendur Magnúsi Magnússyni kennara sama staðar, fyrir hönd hlutafélagsins »Alliance«, til greiðslu á iðgjöldum og öðrum kostnaði við váttryggingu botnvörpuskipsins »Jón Forseti«, eignar félagsins, á ferð þess héðan til Fleetwood og hingað aftur í janúarmánuði þ. á. Samningur um váttryggingu þessa átti, að sögn áfrýjanda, að hafa gerst fyrir milligöngu Gunnars Egilson miðlara hér í bænum, og fyrir því kvaddi áfrýjandi hann til að bera vitni í málinu. En stefndi mótmælti því að sú vitnaleiðsla færi fram, fyrir þá sök, að Gunnar Egilson væri svo viðriðinn málið, að hann væri óhæfur til að bera vitni í því. Um þennan ágreining kvað rétturinn upp úrskurð 22. marz þ. á. á þá leið, að Gunnar Egilson skyldi eigi bera vitni í málinu.

Þessum úrskurði hefir áfrýjandi skotið til yfir dómsins með stefnu dags. 30. marz þ. á. og krafist þess, að úrskurðurinn verði úr gildi feldur og honum breytt þannig, að Gunnari Egilson miðlara verði

flýft að bera vitni í málinu og stefndi verði dæmdur í málskostnað.

Stefndi krefst staðfestingar á úrskurðinum og málskostnaðar fyrir yfirdómi, eftir mati réttarins.

Fyrir sjódominum lagði áfrýjandi fram skriflegar spurningar til vitnisins Gunnars Egilson um afskipti þess af váttryggingu »Jóns Forseta«, um viðtal hans eða saminga við stefnda, Magnús Magnússon, um váttrygginguna og um önnur atriði þar að lútandi, og krafðist þess, að vitnið væri látið svara þessum spurningum. En áður en það væri gert, skýrði vitnið eftir kröfu stefnda og samkvæmt úrskurði réttarins frá afstöðu sinni í málinu og við áfrýjanda á þessa leið: (Vitnið) er ekki beint í félagsskap við (áfrýjanda), en meðinterresseraður. Á þeim tíma, er umrædd váttrygging var stofnuð, var vitnið starfsmaður hjá stefnanda (áfrýjanda) með föstum launum og hafði þá auk þess lítilsháttar provision af slíkum forretningum sem þeirri, er málið ris út af, hér um bil 10% af brúttóágóðanum. Vitnið hefði átt að fá um 8 kr. af þeirri váttryggingu, sem hér er um að ræða.

Þó að afstaða vitnisins við áfrýjanda og hagsvon þess af umgetinni váttryggingu hafi verið slík, sem vitnið þannig skýrir frá — og það er ekki véfengt — þá verður eigi fyrir það neitt fullyrt um, hvort framburður vitnisins mundi verða ógildur og að engu hafandi í málinu; um það virðist eigi verða dæmt fyrir en vitnið hefir svarað spurningunum á réttarskjali 6 í sjódomsgerðunum, sem áfrýjandi krafði það andsvara um, en það ber undir dóminn í aðal-

málinu, ef til kemur, að meta gildi vitnisburðarins, hvort hann verður að einhverju eða öllu leyti eða alls eigi tekinn til greina. Af þessum ástæðum, og með því að vitnið sjálft hefir eigi skorast undan að svara tédum spurningum virðist rétt að fallast á kröfu áfrýjanda um að ofangreindar spurningar verði lagðar fyrir vitnið Gunnar Egilson og verður samkvæmt því að breyta hinum áfrýjaða úrskurði.

Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir eftir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður skal úr gildi feldur og ber að leggja fyrir vitnið Gunnar Egilson spurningarnar á réttarskjali 6 í sjódomsgerðunum.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 31. maí 1915.

Nr. 46/1914.

I. Recher f. h. eigenda
og vátryggjenda botn-
vörpuskipsins »Imbrim«
gegn

P. R. Ungerskov f. h.
Em. Z. Switzers Bjerg-
ningsentreprise.